

GJALDSKRÁ

um norrænt umhverfismerki.

1. gr.

Hollustuvernd ríkisins er heimilt að innheimta gjald vegna notkunar á norræna umhverfismerkinu eins og nánar greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Umsóknargjald er kr. 100.000.

Hollustuvernd ríkisins er heimilt í sérstökum tilfellum að lækka umsóknargjaldið að fenginni umsögn stjórnar umhverfismerkisráðs.

3. gr.

Árgjald vöru sem ber norræna umhverfismerkið er 0,4% af ársveltu af árinu á undan, þó að hámarki kr. 200.000. Lámargjald fyrir hvert leyfi er þó aldrei lægra en kr. 5.000.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 143/1995 um norrænt umhverfismerki.

Umhverfisráðuneytinu, 14. apríl 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Borgarhafnarhrepps, Bæjarhrepps, Hofshrepps og Hornafjarðarbæjar.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 17. apríl 1998 staðfest sameiningu Borgarhafnarhrepps, Bæjarhrepps, Hofshrepps og Hornafjarðarbæjar í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra þessum fjórum sveitarfélögum skulu falla til hins nýja sveitarfélags.

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram sama dag og reglulegar sveitarstjórnarkosningar, þ.e. laugardaginn 23. maí 1998, sbr. 1. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.

Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 20. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna.

Kjósa skal ellefu fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Héraðsnefnd Austur-Skaftafellssýslu, í umboði sveitarstjórnanna, tilnefni þrjá aðalfulltrúa og þrjá varafulltrúa í yfirkjörstjórn. Hin nýja yfirkjörstjórn tekur m.a. við verkefnum

núverandi yfirkjörstjórnar í Hornafjarðarbæ. Kjördeildir verða sex, ein í Hofshreppi, ein í Borgarhafnarhreppi, ein í Bæjarhreppi og þrjár í Hornafjarðarbæ. Núverandi kjörstjórnir gegna hlutverki undirkjörstjórna.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 6. júní 1998.

Nafn hins nýja sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

Félagsmálaráðuneytinu, 17. apríl 1998.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.

15. apríl 1998

Nr. 235

AUGLÝSING

um nýjan viðauka með reglum um bindiskyldu
við Seðlabanka Íslands nr. 190/1998.

VIÐAUKI

Bankastjórn Seðlabanka Íslands hefur ákveðið með tilvísan til 1.-3. mgr. 8. gr. laga nr. 36/1986 og 3. mgr. 10. gr. laga nr. 123/1993 um aðrar lánastofnanir með áorðnum breytingum að eftirtöldum lánastofnunum beri að uppfylla ákvæði reglna Seðlabankans um bindiskyldu, nú frá 30. mars 1998.

Bindiskyldar stofnanir

Landsbanki Íslands hf.	Sparisjóður Ólafsvíkur
Búnaðarbanki Íslands hf.	Sparisjóður Hornafjarðar og nágrennis
Íslandsbanki hf.	Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis
Sparisjóðabanki Íslands hf.	Sparisjóður Strandamanna
Sparisjóður Hafnarfjarðar	Sparisjóður Vestmannaeyja
Sparisjóður Siglufjarðar	Sparisjóður Norðlendinga
Sparisjóður Mýrasýslu	Sparisjóður vélstjóra
Sparisjóður V-Húnavatnssýslu	Sparisjóður Bolungarvíkur
Sparisjóður Norðfjarðar	Sparisjóður Svarfdæla
Sparisjóðurinn í Keflavík	Sparisjóður Önundarfjarðar
Sparisjóður S-Þingeyinga	Sparisjóður Höfðhverfinga
Sparisjóður Súðavíkur	Póstgíró, Íslandspóstur hf.
Eyrasparisjóður	Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf.
Sparisjóður Hrútfirðinga	Kaupþing hf.
Sparisjóður Árneshrepps	Samvinnusjóður Íslands hf.
Sparisjóður Hólahrepps	Verslunarlánasjóður
Sparisjóður Ólafsfjarðar	Glitnir hf.
Sparisjóður Þingeyrarhrepps	Lýsing hf.
Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis	SP-fjármögnun hf.
Sparisjóður Kópavogs	

Reykjavík, 15. apríl 1998.

Seðlabanki Íslands,

Eiríkur Guðnason.

Steingrímur Hermannsson.